

**Nd.**

**343. Frumvarp til laga**

[127. mál]

um breyting á lögum nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyris-  
mála, fjárfestingarmála o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að settar skuli á stofn innflutnings- og gjaldeyrisafgreiðslur utan Reykjavíkur á þeim stöðum, sem bezt teljast til þess fallnir. Ríkisstjórnin skipar forstöðumenn þessara stofnana, að fengnum tillögum innflutnings- og gjaldeyrisafgreiðslustofunnar, og taka þeir ákvarðanir í umboði hennar, með þeim takmörkunum, sem ríkisstjórnin setur þeim með nánari starfsreglum.

Þær afgreiðslur, sem þannig eru settar á stofn, skulu fá sjálfstæðan rétt til úthlutunar innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.